



Reykjavík 3. desember 2019

**Efni:** Umsögn Æskunnar barnahreyfingar um „Tillaga til þingsályktunar um þjóðaráttak í lýðheilsutengdum forvörnum. 150. löggjafarþing 2019–2020. Þingskjal 350 — 309. mál.“<sup>[1]</sup>

**Æskan Barnahreyfing styður þessa þingsályktunartillögu eindregið.**

Æskan barnahreyfing vinnur mikið með almenningi í grasrótarstarfi, þar kemur fram mikill stuðningur samfélagsins á flestu í tillögunni. Við fögnum því þegar kallað er eftir sérþekkingu frjálsra félagasamtaka sem eru virk í forvörnum þegar fjallað er um breytingar á lögum sem heyra til forvarna í landinu og erum tilbúin að eiga fulltrúa í starfshópnum

Tillaga þessi er í takti við heilbrigðisstefnu þessarar sem og fyrri ríkisstjórna.<sup>[2] [3]</sup>

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) bendir á að notkun vímuefna er þáttur í ósmítnæmum sjúkdómum og hvetur allar þjóðir til að draga úr neyslu vímuefna<sup>[4]</sup>

Æskan barnahreyfing styður allar tillögur sem styrkja forvarnir gegn áfengi og öðrum vímuefnum. Stysta leiðin til að ná árangri í bættri lýðheilsu er að draga úr neyslu áfengis.

Tillagan vinnur með heilbrigðisstefnu, Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í 33 grein Barnasáttmálans stendur: Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir, m.a. löggjöfina, stjórnun og menntun til að vernda börn frá ólöglegri notkun vímuefna og geðbreytandi efna, eins og þau eru skilgreind í alþjóðlegu samhengi, og að hindra notkun barna í framleiðslu, sölu og meðferð slíkra efna.<sup>[5]</sup>

Æskan barnahreyfing er hluti af IOGT international, stærstu forvarnasamtökum heims. Meirihluti íbúa heimsins notar ekki áfengi, kannabis eða önnur vímuefni. Yfir 62% heimsbyggðarinnar notar ekki áfengi. Áfengismál og önnur vímuefnamál eru veigamikill málaflokkur og mikið í húfi að stefnumörkun sem þau varðar séu byggð á niðurstöðum rannsókna og forðast ber stefnumótun sem byggist á einföldun, vanþekkingu og úrræðum sem ekki skila árangri eða vinna gegn heilsu einstaklinga og samfélags. Þess vegna á almenningur rétt á að stefna um áfengi og önnur vímuefni sé vel ígrunduð, heildstæð, unnin af vandvirkni og farið varlega í breytingar á aðgengi. Áfengis og vímuefnastefna okkar er sterk og horfa mörg ríki heims til hennar sem góðrar fyrirmyndar. Æskan vinnur eftir Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.<sup>[6]</sup> Æskan barnahreyfing hefur frá stofnun unnið að því líkum markmiðum og telur að stysta leiðin til að ná þeim sé að draga úr neyslu áfengis og annara vímuefna.

**Fyrir hönd Bindindissamtakanna IOGT á Íslandi**

Sigurbjörg Helga Sigurgeirsdóttir Formaður  
Aðalsteinn Gunnarsson Framkvæmdastjóri

[1] <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/?lte=150&mmr=309>

[2] <https://www.velferðarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2014/Stefna-i-afengis--og-vimuvornum-desember-2013.pdf>

[3] <https://www.stiomarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=a5aa63d9-d5b4-11e7-9422-005056bc530c>

[4] <http://www.who.int/mediacentre/news/releases/2018/world-leaders-neds/en/>

[5] <https://www.dontlegalizedrugs.com/files/images/pages/Protectionfromdrugs2012.pdf>

[6] <http://iogt.is/2019/09/11/afengi-og-heimsmarkmid-sialfbaerrar-throunar/>